

## Bjargráðasjóður

### Almennar reglur um meðferð styrkumsókna

#### 1. gr. Forsendur styrkveitingar

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 49/2009 um Bjargráðasjóð, tekur stjórn sjóðsins afstöðu til styrkumsókna sem berast. Styrkveitingar koma aðeins til greina ef umsókn uppfyllir skilyrði 8. gr. sömu laga.

#### 2. gr. Umsókn

Styrkumsóknir skulu berast skriflega á netfangið [bjargradasjodur@bjargradasjodur.is](mailto:bjargradasjodur@bjargradasjodur.is). Umsækjandi sem ekki getur sent tölvupóst getur sent umsókn sína skriflega til NTÍ að Hlíðasmára 14, 201 Kópavogi.

Í umsókninni skal eftirfarandi koma fram að lágmarki:

- Nafn, kennitala, símanúmer, netfang og bankareikningur umsækjanda.
- Staðsetning tjóns, heimilisfang og landnúmer.
- Orsök tjóns og dagsetning atburðar.
- Greinargóð lýsing á skemmdum. Ef tjón verður á girðingum, þarf að koma fram tegund og samsetning girðingar (gaddavír / net / rafmagn / tréstaumar / stálstaumar), aldur, ástand fyrir atburð, lengd á skemmdu svæði og fjöldi brotinna staura.  
Ef tjón eða uppskerubrestur verður á heyi vegna kulda, þurrka, óþurrka eða kals, þarf að leggja fram upplýsingar um heyforða úr haustbók (forðagæsluskýrslum) síðustu þriggja ára á undan.
- Ljósmyndir, loftmyndir með skýringum, eða önnur gögn sem sýna umfang tjóns.

#### 3. gr. Yfirferð gagna

Umsýsluaðili fer yfir innsend gögn og metur hvort þau séu fullnægjandi. Leggi umsækjandi ekki fram fullnægjandi gögn til að hægt sé að taka afstöðu til umsóknarinnar, kallar umsýsluaðili eftir þeim og veitir hæfilegan frest til viðbragða af hálfu umsækjanda. Verði umsækjandi ekki við þeirri beiðni er upplýst um lokafrest til innsendingar gagna og málinu lokað af hálfu umsýsluaðila að þeim tíma liðnum, hafi upplýsingar ekki borist.

#### 4. gr. Mat á tjóni

Telji umsýsluaðili þörf á, er aflað mats á umfangi tjóns frá sérfróðum aðila, t.d. frá búnaðarsambandi, ráðunauti eða öðrum sérfróðum aðila. Við mat á tjóni, skal miðað við að hið skemmda verði eins, eða því sem næst eins og það var fyrir tjónsatburð. Þannig skal taka mið af ástandi og raunverulegu verðmæti þess skemmda, þegar tjónið varð. Ef um er að ræða tjón vegna uppskerubrests, skal taka mið af meðal uppskeru, a.m.k. síðustu þriggja ára. Ekki er gerður munur á eigin vinnuframlagi umsækjanda og aðkeyptu vinnuframlagi.

#### 5. gr. Ákvörðun um styrkveitingu

Ef umsókn er samþykkt að hluta eða öllu leyti, er umsækjandi upplýstur um þau skilyrði sem stjórn setur við veitingu styrksins. Uppgjör fer fram þegar skilyrði fyrir styrkveitingu hafa verið uppfyllt.

Umsækjandi ber ávallt sjálfur kostnað sem nemur kr. 500.000,- í hverju tjóni.

Ákvörðun stjórnar er endanleg á stjórnarsýslustigi og um afturköllun og endurupptöku ákvörðunar fer samkvæmt stjórnarsýslulögum.